

Kennsluáætlun í náttúrufræði

Náttúrufræði 7. bekkur

Í náttúrufræði í 7. bekk eru 3 kennslustundir á viku.

Vinnulag

Í kennslustundum í náttúrufræði er lögð áhersla á lestur í grunnbók ásamt verkefnavinnu, samræður um efni hvers tíma, virkni nemenda í að koma skoðunum sínum á framfæri og vera gagnrýnin á umhverfi sitt. Notast verður við kennslubækur, texta af neti auk ýmissa annarra verkefna sem kennari tekur til. Lítið er um heimanám í náttúrufræði en foreldrar bera ábyrgð á að fylgjast með inn á mentor.is.

Nemendur vinna ýmist einir, í paravinnu eða í stærri hópum.

Staða í námi er metin út frá virkni nemenda í tímum ásamt verkefnavinnu.

Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Lærum um lífið í sjónum við Ísland. Hafsbotninn, ströndina, landgrunnið og úthöfin og hvernig lífríki og ólíkt umhverfi spila saman. Nemendur kynnst því dýraríki sem lifir í sjó og við strendur Íslands.	Lífríkið í sjó. Lesbók og ýmis verkefni tekin af netinu https://mms.is/namsefni/fjaran-og-hafid . Vettvangsferðir niður í fjöru	Nemandi getur <ul style="list-style-type: none"> • lesið, skrifað og sagt frá hugtökum í náttúruvísindum í máli og myndum • framkvæmt einfaldar athuganir á vísindalegan hátt • framkvæmt í hópi einfaldar athuganir og rætt niðurstöður þeirra • lesið texta um náttúruvísindi og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum • lýst ólíkum búsvæðum í nærumhverfinu og á Íslandi 	Öllum verkefnum safnað í möppu. Glæruverkefni

Lærum um hvernig
mannslíkaminn virkar og
um holla lifnaðarhætti.

Maðurinn hugur og heilsa
Lesbók og vinnubók
mms.is
ýmis myndbönd.

- lýst ólíkum búsvæðum í nærumhverfinu og á Íslandi
- útskýrt aðlögun lífvera að umhverfinu og hvernig hún gerir þær hæfari til að lifa af og fjölga sér
- sagt frá reynslu sinni og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi
- greint frá ábyrgð sinni á verndun náttúrunnar og bent á leiðir til að bæta eigið umhverfi og náttúru
- gert grein fyrir hlutverki mannsins í náttúrunni og hvernig lífsafkoma hans byggist á verndun hennar
- lýst einkennum lífvera í og við vatn og sjó og tengslum þeirra innbyrðis og við umhverfi sitt
- Greint frá samspili flóð og fjöru

- Lýst helstu líffærakerfum mannlíkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum. Útskýrt tengsl heilbrigðis og þess sem borðað er Útskýrt lífsskilyrði manna og helstu áhættuvalda í umhverfinu Lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna. Sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt, Hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra Gert grein fyrir næringargildi ólíkrar fæðu og hvers konar fæða er framleidd á Íslandi.

--	--	--	--

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

Námsmat

Námsmat fer fram bæði skriflega og munnlega, með stuttum samtölum og með skriflegum tímaverkefnum.

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir [Námsmat](#). Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok

Birt með fyrirvara um breytingar.

Með ósk um gott gengi,